



ÍSAFJARÐARBÆR

Hafnarstræti 1 | 400 Ísafjörður
S: 450 8000 | Fax: 450 8008 | www.isafjordur.is

Bæjarráð
Hafnarstræti 1
400 ÍSAFJÖRÐUR

Ísafjörður, 10. nóvember 2017
2016090021 BBJ

Efni: Sorphirða og förgun í Ísafjarðarbæ 2018-2021

Þriðjudaginn 7. nóvember 2017 kl. 11:15 voru opnuð tilboð í verkið „Sorphirða og förgun í Ísafjarðarbæ“. Í verkinu fellst hirðan og förgun á almennu sorpi og endurvinnslusorpi frá heimilum í þéttbýli í Ísafjarðarbæ, þ.e. Ísafirði, Hnífsdal, Suðureyri, Flateyri og Þingeyri, rekstri gámastöðvar til móttöku á sorpi í Funa og afsetningu úrgangs sem þangað berst. Verktaki skal einnig hirða lífrænan úrgang frá heimilum og nota í moltugerð.

Fjögur tilboð bárust frá tveimur aðilum og eru eftirfarandi eftir yfirferð:

Kubbur ehf.	411.376.536,-
Kubbur ehf. frávikstilboð	354.995.320,-
Gámaþjónusta Vestfjarða ehf.	358.301.352,-
Gámaþjónusta Vestfjarða ehf. frávikstilboð.	322.496.552,-
Kostnaðaráætlun	473.807.200,-

Einu frávikin sem heimilið voru í útboðinu var að undanskilja söfnun á lífrænum úrgangi og moltugerð. Öll tilboð eru gild, öllum viðeigandi gögnum skilað og frágangur tilboða í samræmi við útboðsgögn.

Undirritaður leggur til að samið verði við Gámaþjónustu Vestfjarða ehf. á grundvelli aðaltilboðs þeirra að upphæð kr. 358.301.352,-.


Brynjar Pór Jóhannsson
- sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs -

Hjálagt: Samanburður tilboða.